

Skólaráðsfundur 26. febrúar 2015 kl. 15.00.

Mættir eru: Heimir Jóhannsson fulltrúi foreldra, Sigurður Arnarson fulltrúi kennara, Ásdís Elva Helgadóttir fulltrúi foreldra, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Hulda Margrét Sveindóttir fulltrúi nemenda, Jörundur Guðni Sigurbjörnsson fulltrúi nemenda og Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri

Sigríður Jóna Ingólfssdóttir, Svava Svavarsdóttir og Þóra Hjörleifsdóttir voru fjarverandi.

1. Skóladagatal skólaársins 2015-2016. Ólöf kynnti skóladagatal fyrir næsta skólaár. Búið var að fara yfir það á kennarafundir og samþykkja. Engar athugasemdir voru gerðar á fundinum og er það því tilbúið til yfirferðar hjá fræðslustjóra og skólanefnd.

2. Skýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Ábending barst frá foreldri í skólanum til Heilbrigðiseftirlitsins að ekki væri sápa í sturtuklefunum í íþróttahúsinu. Starfsmaður eftirlitsins kom í skólann til að kanna málið. Í kjölfarið óskaði Ólöf eftir því að starfsmaðurinn kæmi aftur í skólann og færi yfir hann til að gefa ábendingar um það sem betur mætti fara í út frá heilbrigðissjónarhorni. Það gerði hann og fylgdi húsvörðurinn honum um skólann. Síðan var send skýrsla til skólastjóra og Fasteigna Akureyrarbæjar. Búið er að fara yfir þær athugasemdir sem komu og hefur húsvörður unnið að úrbótum sem og starfsmaður í íþróttahúsi. Þau atriði sem eftir er að laga snúa að FAK og er það meðal annars frágangur á kjallara þar sem rakavandamál eru til staðar. Nýjustu fréttir af því vandamáli eru þær að fljótlega verður hafist handa við að grafa við skólann og reyna að stöðva lekann sem er í kjallara B-álmu. Á fundinum urðu umræður um þetta og vangaveltur hvaðan þetta vatn kæmi og af hverju þessi leki kæmi upp á þessum stað.

Önnur mál

Formaður foreldrafélagsins sagði frá könnun sem FOKS sendi út á foreldra í sambandi við vorhátíð skólans. Farið verður yfir þessa könnun í stjórn félagsins á næsta fundi. Ýmislegt fleira rætt en ekki fært til bókar. Fundi slitið kl. 16.00.